

**47. fundur (aukafundur sameiginlegur fundur sveitarstjórnar og USB)
Langanesbyggðar þriðjudaginn 1. september 2009 kl. 17:00 haldinn í
félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn.**

Mætt voru: Hulda Sigurðardóttir, Jóhanna Helgadóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Áki H. Guðmundsson, Axel Gunnarsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Halldór Jóhannsson frá Teikn á lofti ehf., og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð á tölvu.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Langanesbyggðar.

Halldór fór yfir aðalskipulag Langanesbyggðar og þær breytingar sem gerðar hafa verið á milli íbúabínginga þar sem hugmyndir íbúa hafa komið skýrt fram en búið er að hald tvö íbúabínging. Nokkur umræða var um hvort halda ætti inni nýrri veglínu til Bakkafjarðar og það sem olli fundarmönnum áhyggjum var hvort Vegagerðin mundi þá hætta að halda við Brekknaheiði, en eftir nokkra umræðu voru menn sammála því að halda nýju veglínunni inni. Farið var vel yfir þrjár tillögur af höfninni á Þórshöfn og voru fundarmenn sammála því að blanda saman tillögu B og C, sem er að stækka höfnina suður með Fjarðarvegi. Miklar umræður fóru fram um hvaða safngötur væru hagstæðastar í bæinn og voru fundarmenn sammála um að leið B væri heppilegust inn í bæinn Fundarmenn voru almennt ánægðir með tillögunu um hesthúsasvæðið, en í tillögunni er það svæði komið rétt ofan við vatnsprónna. Lítil umræða fór fram um staðsetningu kirkjugarðsins. Samþykkt samhljóða að Halldór sendi tillögunu til umsagnar en það ferli getur tekið allt að 4 vikum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30